

Grafísk hönnun

Kennari: Óðinn Þór Kjartansson

Lýsing

Lögð verður áhersla á að nemendur kynnist hvað felist í grafískri hönnun og geri sér grein fyrir hlutverki grafískrar hönnunar í samfélaginu. Reglur og möguleikar grafískrar hönnunar kynnt fyrir nemendum með sérstaka áherslu á letur og notkun þess. Grunnkennsla í umbrotsforritinu Adobe InDesign og teikniforritinu Adobe Illustrator sem gera nemendum kleift að vinna prentgripi eins og bækur og plaköt.

Markmið að nemendur:

- kynnist ólíkum leturtegundum og leturfjölskyldum
- læri að nýta sér kosti leturfjölskyldna sem og nota ólíkar leturtegundir saman
- kynnist notkun grindarkerfa við uppsetningu texta
- kynnist grunnreglum grafískrar hönnunar sem hjálpa til við framsetningu texta
- kynnist ólíkum pappírstegundum
- fái grunnþekkingu í prenttækni og skilji ferlið að baki vandaðra prentgripa
- vinni prentgripi sem tengjast áhugasviði þeirra, t.d. plakat fyrir uppáhalds hljómsveitina eða bókakápu fyrir uppáhalds bókina.
- skoði bækur og blöð sem tengjast grafískri hönnun
- nái grunnfærni í umbrotsforritinu Adobe InDesign og teikniforritinu Adobe Illustrator

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiði

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, hópkenndsla. Nemendur verða aðstoðaðir við að vinna prentgripi að eigin vali sem tengjast áhugasviði þeirra. Horft verður á nýútkomna kvikmynd um letrið Helvetica sem gerð var í tilefni 50 ára afmælis þess. En Helvetica er eitt útbreiddasta letið á vesturlöndum í dag og sennilega það umdeildasta.

Námsgögn

Bækur og blöð um grafíska hönnun.

Námsmat

Einkunnagjöf verður byggð á þrjúþættu mati kennara á framistöðu nemenda.

1. Frumkvæði og sjálfstæði
2. Vinnusemi og vandvirkni
3. Prentgripur